



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 17/2021

## Fyrri verð á tilboðsvörum Beautybar

### I.

#### Málsmeðferð

##### 1.

Í kjölfar ábendinga frá neytendum var Ivi ehf., eiganda og rekstraraðila Beautybar verslunar, sent erindi Neytendastofu, dags. 29. janúar 2021. Í bréfinu kom fram að Neytendastofu hafi borist ábendingar þar sem kvartað var yfir að verslunin hafi auglýst lækkað verð á fjölda vörutegunda yfir tímabil lengra en sex vikur á vefsíðu verslunarinnar. Í bréfinu var vakin athygli á þeim ákvæðum laga og reglna sem stofnunin taldi eiga við í málinu. Vísaði stofnunin sérstaklega til ákvæða 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, auk 2. og 3. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði. Með bréfinu var farið fram á að Ivi færði sönnur fyrir því að eftirtaldar vörur hefðu verið seldar á tilgreindu fyrri verði:

1. Davines Purifying Sjampó. Á afslætti 25. nóvember 2020 kr. 2.783 og á afslætti 22. janúar 2021 kr. 3.154. Fyrri verð kr. 3.710.
2. Sebastian Seb Man the Boss Sjampó. Á afslætti 25. nóvember 2020 kr. 2.505 og á afslætti 22. janúar 2021 kr. 2.839. Fyrri verð kr. 3.340.
3. Ariana Grande Ari Edp. Á afslætti 25. nóvember 2020 kr. 4.193 og á afslætti 22. janúar 2021 kr. 6.622. Fyrri verð kr. 7.790.
4. Ariana Grande Sweet Like Candy Edp. Á afslætti 25. nóvember 2020 kr. 4.139 og á afslætti 22. janúar 2021 kr. 6.622. Fyrri verð kr. 7.790.
5. Ariana Grande Cloud Edp. Á afslætti 25. nóvember 2020 kr. 4.139 og á afslætti 22. janúar 2021 kr. 6.622. Fyrri verð kr. 7.790.
6. Calvin Klein Ck Be Deo Stick 75ml. Á afslætti 25. nóvember 2020 kr. 2.693 og á afslætti 22. janúar 2021 kr. 3.052. Fyrri verð kr. 3.590.
7. American Crew gjafakassi. Á afslætti 25. nóvember 2020 kr. 4.867 og á afslætti 22. janúar 2021 kr. 5.517. Fyrri verð kr. 6.490.



8. American Crew hártvennu gjafasett. Á afslætti 25. nóvember 2020 kr. 5.580 og á afslætti 22. janúar 2021 kr. 6.324. Fyrra verð kr. 7.440.
9. American Crew raktvennu gjafasett. Á afslætti 25. nóvember 2020 kr. 5.572 og á afslætti 22. janúar 2021 kr. 6.316. Fyrra verð kr. 7.430.

## 2.

Svar Ivi barst Neytendastofu með tölvupósti, móttæknum 28. febrúar 2021. Í svarinu kom fram að verslunin hafi auglýst afslátt í vefverslun meðan á lokun vegna Covid stóð, sem hafi verið frá 7. október til 17. nóvember 2020. Í vefversluninni hafi verið mismunandi afsláttur líkt og meðfylgjandi gögn sýni. Í framhaldinu hafi verið boðið lægra verð í vefverslun heldur í verslun Beautybar í Kringlunni. Afsláttur sé eingöngu í boði í netverslun en ekki í versluninni sjálfri og séu verð á netinu til viðmiðunar. Þá var lýst erfiðleikum við að afla viðeigandi upplýsinga.

## 3.

Með tölvupósti, sendum 9. mars 2021, óskaði Neytendastofu eftir að færðar yrðu sönnur fyrir því að þær vörur sem vísað var til í bréfi stofnunarinnar frá 29. janúar 2021 hefðu verið seldar á tilgreindu fyrra verði. Svar Ivi barst með tölvupósti, móttæknum 18. mars 2021. Í svari Ivi kom fram að erfitt væri að ná umbeðnum upplýsingum úr sölukerfi verslunarinnar. Með tölvupóstinum fylgdu tvö skjáskot af sölu vöru sem var ekki ein af þeim vörum sem óskað var upplýsinga um.

## 4.

Með tölvupósti, sendum 22. mars 2021, ítrekaði Neytendastofa kröfu um að færðar yrðu sönnur fyrir því að þær vörur sem vísað var til í bréfi stofnunarinnar frá 29. janúar 2021 hefðu verið seldar á tilgreindu fyrra verði. Svar Ivi barst með tölvupósti sama dag. Í svarinu og fylgiskjölum kom fram að tvær af þeim vörum sem óskað var upplýsinga um hefðu verið seldar á tilgreindu fyrra verði. Þá var í svarinu vísað til þess að um væri að ræða ilmvötn og jólavörur sem fólk keypti almennt ekki nema á lækkuðu verði.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 27. apríl 2021, tilkynnti stofnunin Ivi að gagnaöflun væri lokið og að í framhaldinu yrði tekin ákvörðun í málinu.

## II.

### Niðurstaða

#### 1.

Mál þetta var tekið upp í tilefni ábendinga sem Neytendastofu barst um að verslunin Beautybar hafi auglýst lækkað verð á fjölda vörutegunda yfir tímabil lengra en sex vikur á vefsíðu verslunarinnar. Í bréfi Neytendastofu til Ivi ehf., rekstraraðila vefsíðunnar, kom fram að stofnunin



teldi háttsemina til þess fallna að brjóta gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, auk 2. og 3. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði.

Í svörum Ivi kom fram að afsláttur í netverslun sé tilkominn vegna lokunar verslunar félagsins sökum Covid faraldursins. Afráðið hafi verið að halda afslættinum áfram en einungis í netverslun félagsins. Þá kom fram í svörum félagsins að flestar af þeim vörum sem Neytendastofa óskaði upplýsinga um væru ilmvoðn og jólavörur sem almennt seldust ekki nema þegar boðinn væri afsláttur. Ivi sýndi fram á að tvær af þeim níu vörum sem óskað var upplýsinga um hefðu verið seldar á tilgreindu fyrra verði.

## 2.

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er, skv. ákvæðinu, nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 1. mgr. 8. gr. laganna segir:

*„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“*

Ákvæðinu er, skv. umfjöllun í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 50/2008, ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða skv. ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 9. gr. er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu, þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.–g. lið málsgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við. Í bréfum Neytendastofu var vísað til d. liðar 1. mgr. 9. gr. þar sem segir að átt sé við rangar upplýsingar um:

*„d. verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértíloboð eða annað verðhagræði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum,“*

Ákvæði 11. gr. laganna, sem er í III. kafla þeirra, er svohljóðandi:



*„Útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða. Þess skal gætt að greinilegt sé með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörunnar var.“*

Tilgangur ákvæðisins er sá að koma í veg fyrir að neytendur séu blektir í auglýsingum eða upplýsingum um útsölur. Verðlækkun verður að felast í því að seljandi bjóði vöru á lægra verði en samskonar vörur eru venjulega seldar á. Seljendum er því samkvæmt ákvæðinu ekki heimilt að auglýsa verðlækkun nema raunveruleg verðlækkun hafi átt sér stað.

Með heimild í lögunum hefur Neytendastofa sett reglur nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði. Ákvæði 2. gr. reglnanna er svohljóðandi:

*„Í auglýsingum sem og á sölustað, þ.m.t. netverslun, skal tekið skýrt fram hvaða vörur eða þjónusta er seld á lækkuðu verði. Þegar vara eða þjónusta hefur verið seld á lækkuðu verði í sex vikur skal lækkað verð vera venjulegt verð.“*

Í 3. gr. er fjallað um fyrra verð en þar segir að þegar auglýst sé lækkað verð á vöru eða þjónustu skuli fyrra verð vera það verð sem varan var seld á áður en til lækkunar kom. Þá ber seljanda að geta sannað að varan eða þjónustan hafi verið seld á því verði sem tilgreint var sem fyrra verð.

Ákvæði 2. og 3. gr. reglnanna er til fyllingar ákvæði 11. gr. laga nr. 57/2005 þar sem kveðið er á um að verðlækkun skuli vera raunveruleg.

### 3.

Neytendastofa telur að í svörum Ivi hafi komið fram fullnægjandi skýringar á tilurð afsláttar í netverslun og tímabil hans enda er það mat stofnunarinnar að heimilt sé að bjóða afsláttarkjör í netverslun ef sömu kjör bjóðast almennt ekki í verslun á vegum sama aðila. Neytendastofa telur þó að samanburður á verði vörunnar í netverslun við verð vörunnar í verslun, án þess að hægt sé að færa sönnur á að vörunnar séu seldar samhliða á herra verðinu, feli ekki í sér raunverulega verðlækkun. Ivi hefur ekki fært sönnur fyrir því að sjö af þeim níu vörum sem farið var fram á sönnun um hafi verið seldar á tilgreindu fyrra verði, þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir stofnunarinnar. Neytendastofa telur því að Ivi hafi með þessari framsetningu gefið rangar upplýsingar um verðhagræði og að ekki hafi verið um raunverulega verðlækkun að ræða. Enn fremur telur stofnunin að þessir viðskiptahættir séu til þess fallnir að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Ivi hefur með þessari háttsemi brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 auk 3. gr. reglna nr. 366/2008.



Neytendastofa telur rétt með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005 að banna Ivi ehf. að viðhafa framangreinda viðskiptahætti.

### III.

#### Ákvörðunarorð:

**„Ivi ehf., Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, rekstraraðili verslunarinnar Beautybar, hefur með kynningu um lækkað verð án þess að hafa sýnt fram á að um raunverulega verðlækkun hafi verið að ræða, brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, auk 3. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði.**

**Með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Ivi ehf. bannað að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti.**

Neytendastofa, 13. júní 2021

Pórunn Anna Árnadóttir  
Forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir